

Mál nr. 349/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Miskabætur. Líkamstjón. Stórfellt gáleysi. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 2. október 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V dags. 29. október 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 12. nóvember 2025.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að M hafi orðið fyrir tveimur atvikum, hinn 7. og 17. ágúst 2024, þegar hann naut þjónustu sveitarfélagsins X á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Atvikið 7. ágúst 2024 varð með þeim hætti að starfsmaður X var að aðstoða M úr standandi stöðu yfir í hjólastól með aðstoð segllyftu. Samkvæmt frásögn starfsmannsins gaf lyftan frá sér óvenjuleg hljóð eða dynk, sem varð til þess að starfsmaðurinn taldi að eitthvað væri óeðlilegt og kallaði eftir aðstoð annarra starfsmanna á vakt. Því kalli var ekki svarað og fór starfsmaðurinn frá til að leita aðstoðar. Á meðan rann eða seig M niður í seglinu og féll í gólfíð. Atvikið 17. ágúst 2024 varð þegar starfsmaður X var í göngutúr með M og í för var vinur starfsmannsins. Þegar farið var niður brattan göngustíg hallaði M fram og við það losnaði öryggisbelti og borð sem fest var á hjólastólinn. Við það féll M úr hjólastólnum og hlaut beinbrot. M hefur gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna beggja atvika. Af hálfu V hefur verið fallist á bótaskyldu vegna atviksins 17. ágúst 2024, en hafnað bótaskyldu vegna atviksins 7. ágúst 2024. Bótaskyldu á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 var hafnað með tölvupósti og bréfi, bæði dags. 4. apríl 2025.

Varðandi atvikið 7. ágúst 2024 byggir V á því að skilyrði a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga séu ekki uppfyllt. Þá vísar V jafnframt til þess að samkvæmt almennum skilmálum beri félagið ekki ábyrgð hafi váttryggður af ásetningi valdið tjónsatburði og að háttsemi starfsmanna eða stjórnenda X feli ekki í sér stórfellt gáleysi.

Í málskoti sínu og viðbótarathugasemdum byggir M á því að X hafi borið ábyrgð á því að aðstæður, verklag og þjálfun starfsmanna væru fullnægjandi. Hann telur að vanræksla á þessum atriðum feli í sér saknæma háttsemi og að slysið megi rekja til aðgerðar- og skeytingarleysis X. M vísar máli sínu til stuðnings til laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Álit.

Eins og áður greinir er ekki ágreiningur um bótarétt vegna atviksins 17. ágúst 2024 og verður því ekki fjallað um það atvik. Ágreiningur málsins lýtur að því hvort M eigi rétt til miskabóta samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga vegna atviksins 7. ágúst 2024. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að láta þann sem af stórfelldu gáleysi eða ásetningi veldur líkamstjóni greiða slíkar bætur. Til þess að krafa M verði tekin til greina þarf því annars vegar að liggja fyrir að M hafi orðið fyrir líkamstjóni og hins vegar að háttsemi X eða starfsmanna feli í sér stórfellt gáleysi. Ásetningur kemur ekki til skoðunar enda fellur háttsemi af völdum ásetnings ekki undir ábyrgðartryggingu X hjá V, sbr. 23. gr. almennra skilmála V þar sem fram kemur að félagið beri ekki ábyrgð hafi váttryggður af ásetningi valdið því að tjónsatburður varð. Hvað fyrri skilyrðið varðar, liggja engin lækisfræðileg gögn fyrir nefndinni en í bréfi V til M, dags. 4. apríl 2025, er vísað til þess að samkvæmt lækissskoðun sem framkvæmd var samdægurs á bráðamóttöku Landspítalans, hafi ekki verið til staðar vísbendingar um áverka eftir fallið. Hefur M ekki lagt fyrir nefndina nein gögn s.s. lækisvottorð eða matsgerð sem sýna fram á að hann hafi hlotið líkamstjón í kjölfar atviksins 7. ágúst 2024. Hvað seinna skilyrðið varðar, hefur nefndin litið til þess að fyrir liggur rannsókn Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að skýring á atvikinu lægi hjá þjónustuveitanda, m.a. vegna skorts á verklagsreglum um að tveir starfsmenn væru við aðstoð í segli og vegna skorts á kalltæki inni í íbúð. Af niðurstöðunum verður þó jafnframt ráðið að starfsmaður hafi farið eftir þeim verklagsreglum sem í gildi voru á þeim tíma. Að

mati nefndarinnar verður sú háttsemi, að ekki hafi verið fyrir fram gert ráð fyrir atviki sem þessu með ítarlegri verklagsreglum, ekki talin fela í sér slíkt verulegt frávik frá því sem eðlilegt má telja að hún jafngildi stórfelldu gáleysi í skilningi 26. gr. skaðabótalaga. Með vísan til alls framangreinds er það álit nefndarinnar að skilyrði a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga séu ekki uppfyllt vegna atviksins 7. ágúst 2024. Kröfu M um greiðslu miskabóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna þess atviks er því hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X, hjá V vegna atviks 7. ágúst 2024.

Reykjavík, 18. desember 2025.
rafrænt undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir